

Reykjavíkurborg  
Helena Stefánsdóttir  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2024  
UST202410-220/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Breyting - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Landnotkunarheimildir við Hringbraut - Hringbraut sem aðalgata frá Bjarkargötu að Ánanaustum**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 24. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 vegna landnotkunarheimildar við Hringbraut.

Í greinargerð kemur fram fyrirhuguð breyting felst í því að stærri hluti Hringbrautar verði skilgreindur sem aðalgata. Breyting þessi er ekki talin umfangsmikil og mun takmarkast við afmarkaðan hluta Hringbrautar og miðar að því að sá hluti njóti sömu landnotkunarheimilda og aðrar sambærilegar götuhliðar við Hringbraut. Auk þess segir að tilefni áformaðrar breytinga er ósk húseigenda og lóðarhafa um að um viðkomandi hluti Hringbrautar verði skilgreindur sem aðalgata. Þar sem um afmarkaða og einfalda breytingu er að ræða, sem ekki er líkleg til að hafa mikil umhverfisáhrif.

### **Loftgæði**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að einn umhverfisþátturinn í umhverfismati sé loftgæði. Ef umfjöllun um loftgæði eigi að vera undir umhverfisþættinum *heilsa og öryggi* þá þarf það að vera skýrt í greinargerð.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**